

Föstudaginn 29. febr. 1924.

Nr. 63/1923.

Leifur Sigurðsson

gegn

**Skiftaráðanda Reykjavíkur f. h.
þrotabús Sigurjóns Pjeturssonar.**

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Leifur Sigurðsson, sem ekki mætir í málinu greiði 50 króna aukagjald til rikissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. — Svo greiði hann og stefnda, skiftaráðanda Reykjavíkur f. h. þrotabús Sigurjóns Pjeturssonar, er hefir látið mæta í málinu, 50 kr. ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. mars 1924.

Nr. 61/1923.

H. Benediktsson & Co.

(B. P. Johnson)

gegn

**uppboðsráðanda og skiftaráðanda
Gullbringu- og Kjósarsýslu f. h.
þrotabús Matthíasar Þórðarsonar.**

(Enginn).

Dómur hæstarjettar.

Stefndi hefir hvorki mætt nje látið mæta í máli þessu og hefir það því verið rekið skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna.

Í söluskilmálunum við nauðungaruppboð á verslunarstaðnum Keflavík, eign protabús Matthíasar Þórðarsonar, er fór fram samkvæmt 87. gr. skiftalaganna, var svo ákveðið, að ásamt verslunarstaðnum yrði selt alt laust og fast »inventar«. Á þriðja og síðasta uppboðinu í Keflavík 20. okt. f. á. ljét áfrýjandi mæta og lagði fram veðbrjef, er sýndi að honum voru veðsettir ýmsir nánar tilgreindir lausafjármunir, er ætla mátti, að taldar væru með »inventari« í söluskilmálunum og mótmælti hann því, að munir þessir yrðu seldir í einu lagi og ásamt fasteigninni, en krafðist sjersölu á þeim. Á uppboðinu var einnig mætt af hálfu kaupmanns Geo. Copland, er átti 2. veðrjett í verslunarstaðnum með »inventari«, og taldi hann munina vera í veði sínu og veðrjett sinn rjetthærri og mótmælti hann því kröfu áfrýjanda. Gekk um þetta samdægurs úrskurður uppboðsrjettarins á þá leið, að mótmælum og kröfum áfrýjanda var hrundið og voru síðan hinir veðsettu munir seldir ásamt verslunarstaðnum og varð kaupmaður Geo. Copland hæstbjóðandi og honum veitt hamarshögg.

Áfrýjandi hefir nú skotið tjeðum úrskurði uppboðsrjettarins til hæstarjettar og krafist þess, að hann verði feldur úr gildi sem og uppboðið á lausafjármununum og að hinn stefndi uppboðs- og skiftaráðandi, er einum hefir verið stefnt til hæstarjettar, verði skyldaður til að láta sjersölu á hinum veðsettu lausafjármunum fara fram.

En samkvæmt því, sem sagt hefir verið hjer að framan átti og að stefna Geo. Copland, og með því að honum hefir ekki verið stefnt og hann ekki mætt eða látið mæta hjer fyrir rjettinum þá verður að frávísa málinu ex officio.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti á að falla niður með því að stefndi hefir ekki mætt.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu visast frá hæstarjetti. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 17. mars 1924.

Nr. 52/1924.

**Aðalpóstmeistari f. h.
póststjórnarinnar**

(Björn P. Kalman)

gegn

P. A. Ólafssyni. (Enginn).

Skiftarjettarúrskurður ómerktur.

Úrskurður skiftarjettar Barðastrandarsýslu
13. apríl 1923: Máli þessu visast frá skiftarrjettinum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu er áfrýjað samkvæmt áfrýjunarleyfi dags. 31. ágúst f. á. með stefnu dags. 21. sept. næst á eftir. Stefndi mætti ekki í málinu, þá er sókn skyldi flutt í því. Hefir það því verið flutt skriflega af hálfu áfrýjanda samkvæmt 38. gr. hæstarjettarlaganna, og ber því að dæma það samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum eftir N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Fyrirmæli 32. gr. laga nr. 7, 13. apríl 1894 um það, að mál til riftingar samkvæmt 22.—31. gr. sömu laga skuli fara sem gestarjettarmál, eru því ekki til fyrirstöðu, að riftingarkrafa megi framkoma fyrir